

Útilokar ekki öldu dómsmála

● Héraðsdómur taldi gjaldtöku ríkisins ekki endurspegla þjónustu ríkisins ● Framkvæmdastjóri FA telur mörg sambærileg dæmi í gjaldtökufrumskógi ríkisins ● Eftirlitsstofnanir bólgna út að óþörfu

Viðar Guðjónsson
vidar@mbl.is

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur þar sem ríkið var dæmt til að greiða Banönnum ehf. um 40 milljónir króna vegna eftirlitsgjalda sem ekki áttu sér lagastoð mun líklega leiða af sér frekari útgjöld fyrir ríkið að því gefnu að ekki verði áfrýjað í málinu. Þannig hafa fyrirtæki á borð við Mata, Búr, Grænmetismarkaðinn og Blómaval einnig greitt sambærileg gjöld undanfarin ár.

Um er að ræða gjöld sem eru 1-2% eftir tollfloknum innfluttra plantna.

Bananas ehf. töldu að einungis væri hægt að taka gjald í formi þjónustugjalds fyrir kostnaði sem standi í beinum efnislegum tengslum við þjónustu eða eftirlitsgerð sem tilgreind er í gjaldtökuheimildinni.

Hins vegar hafi þjónustan sem var í formi eftirlitskyldu Matvælastofnunar og tollayfirvalda ekki endurspeglad þann kostnað sem gjaldtakan bar með sér. Því samsinnti dómurinn og niðurstaða hans því sú að álagning eftirlitsgjaldsins árin 2011 til 2014 hefði verið ólögmæt.

Kostnaðarsamt fyrir ríkið

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, telur að kostnaður ríkisins vegna niðurstöðunnar geti jafnvel numið hundruðum milljóna króna.



Morgunblaðið/Ásdís

Bananas Niðurstaða héraðsdóms ber með sér að gjaldtaka hafi verið í ósamræmi við veitta þjónustu ríkisins.

„Okkur finnst áhugavert að dómurinn tiltaki að gjaldið þurfi að endurspegla þá þjónustu sem veitt er við hvert og eitt fyrirtæki. Mörg dæmi eru um það í gjaldtökufrumskógi ríkisins, að fyrirtæki séu að greiða háar fjárhæðir í eftirlitsgjöld, en fá á móti litla sem enga þjónustu,“ segir Ólafur.

Ríkið þurfi að sýna fram á rök

Nefnir hann máli sínu til stuðnings tilvik þar sem Icepharma hafði greitt há þjónustugjöld til Lyfjaeftirlitsins en einungis séð eftirlitsmann einu sinni á tíu árum.



Gísli Guðni Hall

Ólafur Stephensen

Ólafur býst fastlega við því að máli Banana ehf. gegn ríkinu verði áfrýjað til Hæstaréttar. Spurður hvort gera megi ráð fyrir

öldu málsókna, ef Hæstiréttur staðfestir niðurstöðu héraðsdóms, telur Ólafur slíkt ekki útilokað. „Til að forðast slíkt þá finnst okkur að ríkið ætti að hafa frumkvæði að því að taka til í þessum gjöldum,“ segir Ólafur. Hann telur að mikil bragarbót yrði í stjórnsýslunni ef ríkið þyrfti að tiltaka rök og sýna fram á hvers vegna tiltekin gjöld eru lögð á. „Að sýnt verði fram á kostnaðinn sem þar er undir í stað þess að leggja þetta fram í formi skatta sem svo fara í einhverjar eftirlitsstofnanir sem bólgna út að óþörfu,“ segir Ólafur.

MATA MUN GERA KRÖFU

Ósamræmi í gjaldtöku

Gísli Hall, sem flutti málið f.h. Banana ehf., segist ekki vita til þess að málinu hafi verið áfrýjað, en áfrýjunarfrestur er þrjú mánuðir. Hann telur að dómurinn þurfi ekki að hafa víðtæk bein áhrif umfram þann markað sem viðkemur innflutningi á plöntum og grænmeti. Gjaldtakan sem um var að ræða hafi verið samkvæmt reglugerð og annars eðlis en hefðbundin innheimta þjónustugjalda t.d. hjá Matvælastofnun, sem um fari samkvæmt sundurliðuðum gjaldskrá. „Gjaldtakan í þessu tilvik birtist eins og hver

annar skattur og án tengsla við raunverulega veitta þjónustu á móti,“ segir Gísli. Hann telur líklegt að aðrir, sem greitt hafi gjöldin eins og Bananas ehf., sækji um endurgreidslu.

„Við munum reikna þetta upp og gera sambærilega kröfu og Bananas,“ segir Eggert Árni Gíslason, framkvæmdastjóri Mata sem flytur inn grænmeti og ávexti.

Nýtnivika haldin í Reykjavík í lok nóvember

Nýtnivikan verður haldin í Reykjavík vikuna 21.-29. nóvember 2015. Markmið vikunnar er að draga úr myndun úrgangs og hvetja fólk til að nýta hluti betur. Þetta er í fjórða sinn sem Nýtnivikan fer fram hér á landi og er þema vikunnar að þessu sinni „afefnisvæðing – að gera meira fyrir minna“. Vikan er samevrópsk og er ætlað að vekja fólk til vitundar um nauðsyn þess að draga úr magni úrgangs m.a. með því að lengja líf-

tíma hluta, samnýta hluti og stuðla almennt að því að þeir öðlist framhaldslíf frekar en að enda sem úrgangur.

Lýst er eftir þátttakendum sem hafa áhuga á að standa að viðburðum á Nýtniviku sem tengjast því að koma í veg fyrir sóun. Það sem þarf að gera er að skipuleggja atburð eða aðgerð sem fellur undir verkefnið og senda póst um atburðinn og skipuleggjendur á netfangið nýtnivika@reykjavik.is.

Íslenskir kyndilberar Delta Kappa Gamma

● Félag íslenskra kvenna í fræðslustörfum fagnar 40 árum

Laufey Rún Ketilsdóttir
laufey@mbl.is

„Við erum eina landssambandið sem vex. Það eru deildir komnar víða í Evrópu, Suður-Ameríku, Kanada og Bandaríkjunum en það er alltaf lítið á okkur sem eitthvað alveg sérstakt – að íslenska konan sé svo sterk, full af frumkvæði og sköpunargáfu,“ segir dr. Sigrún Klara Hannesdóttir, prófessor emeritus og ein af stofnendum Delta Kappa Gamma, félags kvenna í fræðslustörfum á Íslandi, en í dag fagnar félagið fjörutíu ára afmæli sínu.

Í félaginu eru rúmlega 300 konur á Íslandi og snerta þær allar menntakerfið á einhvern hátt.

„Þetta er stór hópur kvenna með fjölbreyttan bakgrunn, til dæmis sálfræðingar, skólahjúkrunarkonur, skólastjórar og kennarar,“ segir hún en lítið sé á Ísland sem kyndilbera innan samtakanna vegna árangurs þeirra og félagafjölda.

Afmælishátíðin hefst með veglegu málþingi í Þjóðarbókhöðunni sem hefst klukkan tvö, þar sem yfirskriftin er Unga nútímakonan. „Er hún að eiga við sömu viðfangsefni og þegar við vorum að byrja fyrir fjörutíu árum eða eru viðhorfin önnur?“ spyr Sigrún.

Upphafið á kvennafrídegi

„Maður var svo upptendraður og það var svo ægilega gaman að vera kona,“ segir Sigrún sem var nýkomin af fyrsta kvennafrídeginum hér á landi þann 24. október 1975 þegar hún fékk boð um að koma á Hótel Sögu og hitta þar konu sem vildi setja á laggirnar deild innan alþjóðlegra samtaka fyrir konur í fræðslustörfum.



Ljósmynd/Delta Kappa Gamma

40 ára Vigdís Finnbogadóttir, heiðursfélagi, og dr. Sigrún Klara Hannesdóttir, fjórða frá vinstri í efri röð, sótu vorþing Delta Kappa Gamma.

„Við byrjuðum að malda í móinn, að kennarar og íslenskar konur væru of uppteknar en hún hlustaði ekkert á það,“ segir Sigrún og fyrr en varði voru komnir tuttugu og sex félagar í samtökin.

„Þegar hún hvarf svo á braut eftir stofnunina stóðum við allar, horfðum hver á aðra og sögðum: hvað nú?“ segir Sigrún hlæjandi en það hafi ekki tekið þær langan tíma að skipuleggja og hefja aðgerðir sínar í þágu menntamála. Fóru þær yfir alla lagasetningu og frumvörp er sneru að málaflöknum og sendu formlegar umsagnir til þingnefnda. Skrifadur voru greinar í Morgunblaðið um allt það sem þær töldu að betur mætti fara og kæmi að gagni við uppeldis- og menntastörf. „Það var eftir þessu tekið.“ Þá voru menntamálaráðherra og skólastjórar kall-

aðir á fundi þar sem málin voru rædd í einlægni.

Gerum gagn út á við

Dr. Sigrún Klara, sem setur afmælimálþing félagsins í dag, hefur einnig unnið til alþjóðlegrar viðurkenningar Delta Kappa Gamma fyrir mikild og óeigingjart starf í þágu samtakanna. Var hún fyrsta konan í Evrópu til að hljóta viðurkenninguna.

„Nú eigum við að snúa okkur í aðra átt, hætta að tala um kennararnann og að bæta hann því kennarar hafa alla möguleika og konur eru orðnar fjölmennastar í kennarastétt. Nú þarf að styðja þá sem eiga erfitt í útlöndum, fá til okkar kennara til að læra. Reynum að gera gagn út á við,“ segir hún bjartsýn á framhaldið.

ÍSLENSKA ÓPERAN

Kunstpása

HÁDEGISTÓNLEIKAR
- LUNCHTIME OPERA CONCERTS -

10. nóvember

- MÓÐIR -
KONA MEYJA

Lilja Guðmundsdóttir
Antonia Hevesi píanó

Þriðjudaga kl. 12.15 í Norðurljósasal - Hörpu.
Aðgangseyrir: 1.500 kr.